

Til sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Áfangaskýrsla vegna rýningar á gagnsæi styrkjareglna

Á fundi 29. janúar 2019 með formanni mannréttinda- og lýðræðisráðs, mannréttindastjóra og skrifstofustjóra skrifstofu þjónustu og rekstrar auk deildarstjóra bókhaldsdeildar FMS var ég beðinn um að leiða starfshóp til að rýna gagnsæi styrkjareglna og koma með tillögur um úrbætur.

Á fundinum var rætt um samsetningu starfshópsins og ákveðið að auk mín skyldu koma fulltrúar mannréttinda-skrifstofu og skrifstofu þjónustu og rekstrar en verkefnisstjóri KFS myndi starfa með starfshópnum. Hinn 9.3 sl. spurðist ég fyrir um erindisbréf starfshópsins og fékk þá óundirrituð drög og þar kom ekki fram hverjir væri í starfshópnum auk mín. Þrátt fyrir það var gengið frá skipun starfshópsins í mars 2019.

Á fyrrgreindum fundi lagði ég fram gildandi styrkjareglur og síðustu skýrslu FMS um framkvæmd þeirra á árinu 2017 (síðan þá hefur komið skýrsla fyrir framkvæmdina 2018) og fór lauslega yfir þessi gögn. Ég benti á að mikilvægt væri að halda áfram þeim umbótum sem hafnar voru með setningu reglnanna. Þannig þyrfti að tryggja að allar styrkumsóknir og styrkveitingar yrðu aðlagðar reglunum. Þetta á ekki síst við um auglýsingar á umsóknarfresti og málsmeðferð við styrkveitingar borgarráðs. Þá væri mikilvægt að tryggja að styrkþiggjendur virtu kröfur um að skila kyngreindum upplýsingum skv. reglunum sem enn er ábótavant. Ennfremur liggur fyrir að veittir eru styrkir í formi niðurgreidds húsnæðiskostnaðar sem ekki lúta styrkjareglum. Einnig eru dæmi um styrkþegar sem upplýsa ekki með skýrum og opinberum hætti að þeir njóti styrkja frá Reykjavíkurborg, jafnvel þar sem er um háar fjárhæðir er að ræða.

Gagnsæi styrkjareglna má að mati mínu einnig bæta hvað varðar einkum eftirtalin atriði:

- i) opinbera kynningu á samræmdum umsóknarfrestum allra styrkveitinga á vegum Reykjavíkurborgar,
- ii) opinberar upplýsingar um kröfur sem gerðar eru til umsækjenda um kröfur varðandi form og efni umsókna,
- iii) opinberar upplýsingar um málsmeðferð umsókna og hvenær umsækjendur mega vænta niðurstaðna,
- iv) opinberar upplýsingar um alla umsækjendur sem hljóta styrk/samning skv. styrkjareglum þar sem greint er frá til hvers styrkur er veittur og fjárhæð styrks,
- v) opinberar upplýsingar frá styrkþegum um nýtingu styrksins.

Með “opinberum upplýsingum” er átt við að upplýsingarnar séu birtar með aðgengilegum hætti fyrir almenning á einum stað á vef borgarinnar.

Helstu verkefni starfshópsins voru sett fram með eftirfarandi hætti sem styður vel við ofangreindar ábendingar en þar eru líka tvær til viðbótar sem ég hef feitletrað enda skipta þær líka miklu máli:

- Að samhæfa regluverk Reykjavíkurborgar um úthlutanir styrkja
- Að tryggja sýnileika allra styrkumsókna og veittra styrkja Reykjavíkurborgar
- Að auka gagnsæi við ákvarðanatöku um styrkveitingar
- **Að skoða rafvæðingu styrkumsókna**
- **Að tryggja eftirlit vegna styrkveitinga**
- Að uppfæra styrkjahandbók í takt við markmið starfshópsins

Enda þótt ekki hafi komist skriður á starf starfshópsins enn sem komið er tel ég að eftir miklu sé að slægjast ef ofangreindum atriðum verða gerð góð skil í greiningu nýs starfshóps um þetta verkefni.

*Birgir Björn Sigurjónsson*

